

**From:** Þorkell Heiðarsson  
**To:** Heimir Snær Guðmundsson  
**Subject:** FW: Fáliðun í leikskólum  
**Date:** Þriðjudagur, 8. október 2024 18:01:42

**From:** Guðni Arnar Guðnason <gudniag@landspitali.is>  
**Sent:** mánudagur, 7. október 2024 13:02  
**To:** Árelía Eyðis Guðmundsdóttir <arelia.eydis.gudmundsdottir@reykjavik.is>; Einar Þorsteinsson <einar.thorsteinsson@reykjavik.is>; Þorkell Heiðarsson <thorkell.heidarsson@reykjavik.is>  
**Subject:** Fs: Fáliðun í leikskólum

Sumir sem hafa fengið þetta skeyti fá ekki oft tölvupóst frá [gudniag@landspitali.is](mailto:gudniag@landspitali.is). [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Fæ að áframsenda bréf mitt til ykkar að fenginni ábendingu. Til viðbótar vorum við beðin að sækja börnin tveimur tímum fyrr einn dag í næstu viku, því komnir 3,75 dagar þar sem leikskóli fellur niður vegna fáliðunar frá upphafi leikskólaárs í haust. Bíðum svara hvort vandinn er bundinn við þennan tiltekna eða fleiri leikskóla og hvort vænta megi að verði viðvarandi vandamál í vetur.

Með bestu kveðju  
Guðni Arnar Guðnason

**Frá:** Guðni Arnar Guðnason  
**Sent:** mánudagur, 7. október 2024 10:36  
**Til:** [hildur.lilja.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:hildur.lilja.jonsdottir@reykjavik.is) <[hildur.lilja.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:hildur.lilja.jonsdottir@reykjavik.is)>  
**Efni:** Fáliðun í leikskólum

Komdu sæl Hildur,

Ég er faðir 2ja ára tvíburastelpna sem eru á yngstu deildinni í leikskólanum Rauðaborg, Seláshverfi. Skrifa þér þar sem þú ert skráður fagstjóri leikskóla í austurhluta borgarinnar, vona að erindið berist rétta leið.

Ástæðan er áhyggjur af endurtekinni fáliðun á leikskólanum og hafa börnin mín af þeim sökum misst af 3,5 dögum á leikskólanum aðeins það sem af er hausti, ef tekinn er með föstudagurinn í þessari viku.

Ástæðurnar segir leikskólastjórinn vera að ekki sé heimild til að ráða fleira starfsfólk. Endurtekin veikindi og frí virðast vera veigamesti þátturinn. Þá er foreldrafundum frestað ítrekað og því erfitt að fá upplýsingar um stöðuna.

Við konan mín höfum miklar áhyggjur af þessu bæði okkar og barnanna okkar vegna og ekki síður annarra fjölskyldna í sama vanda. Það er ekki auðsótt fyrir okkur að taka okkur frí frá vinnu og þurfum við þá auðvitað að bæta upp vinnutapið með umframvinnu þegar kostur gefst á. Býst við

að sama eigi við fleiri foreldra.

Ég vona að þetta bréf berist rétta leið, veki enn frekari athygli á vandanum og verði til þess að þessi mál verði rædd þar sem ákvarðanir eru teknar. Staðan gengur ekki upp mikið lengur.

Virðingarfyllst,

Guðni Arnar Guðnason  
Þingási 22  
110

Sent frá [Póstur](#) fyrir Windows